

## Erindisbréf alþjóða- og staðlanefndar FIE

### 1 Almenn

Félag um innri endurskoðun skal í samræmi við 7. gr. samþykktu félagsins starfrækja alþjóða- og staðlanefnd.

Alþjóða- og staðlanefnd skal vinna störf sín í samráði við stjórn, sem setur nefndinni erindisbréf þar sem starfssvið og heimildir eru nánar tilgreind. Nefndarmenn geta skipt með sér verkum eftir því sem heppilegt þykir hverju sinni. Halda skal fundargerð fyrir fundi nefndarinnar og senda til stjórnar eigi síðar en 10 dögum eftir fund. Nefndarmönnum er óheimilt að skuldbinda félagið án undangengins samþykkis stjórnar.

Stjórn skal boða fastanefndir félagsins á samráðsfund a.m.k. einu sinni á ári.

### 2 Nefndarmenn

Alþjóða- og staðlanefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum hið minnsta. Formaður nefndarinnar er kjörinn á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Aðrir nefndarmenn eru valdir af formanni hennar og eru þeir jafnframt skipaðir til eins árs í senn. Nefndarmenn skulu vera félagar í Félagi um innri endurskoðun.

### 3 Hlutverk

Alþjóða- og staðlanefnd heldur utanum samskipti við alþjóðasamtök innri endurskoðenda og eftir atvikum aðra erlenda samstarfsaðila félagsins. Nefndin skal einnig fylgjast með þróun alþjóðlegra staðla á sviði innri endurskoðunar.

#### 3.1 Samskipti við alþjóðasamtök innri endurskoðenda (IIA), o.fl.

Alþjóða- og staðlanefnd annast samskipti við alþjóðasamtök innri endurskoðenda fyrir hönd Félags um innri endurskoðun. Í því felst meðal annars:

- Halda uppi tengslum við tengiliði hjá IIA og eftir því sem við á við systur- og svæðissamtök. Í þeim efnum verði lögð sérstök áhersla á samstarf við systurfélög á Norðurlöndum.
- Meta erindi sem IIA sendir félaginu sérstaklega og/eða almennt til aðildarfélaga sinna. Ef erindi eru þess eðlis að þau eigi erindi til félagsmanna, svo sem kannanir, undirbýr alþjóða- og staðlanefnd kynningu þeirra og metur hvort þörf sé á að þýða erindið í heild sinni eða aðeins úrdrátt. Dreifing slíks efnis er að öllu jöfnu unnin í samstarfi við fræðslunefnd félagsins. Séu erindi þess eðlis að þau þarfnist umfjöllunar stjórnar eða séu stefnumarkandi fyrir félagið leggur alþjóða- og staðlanefnd tillögu fyrir stjórn félagsins til umfjöllunar áður en erindinu er svarað.

- Alþjóða- og staðlanefnd aðstoðar stjórn og aðrar nefndir félagsins við að koma erindum á framfæri við IIA.

Skráning og afskráning meðlima hjá IIA er ekki á verkswiði alþjóða- og staðlanefndar.

### 3.2 Staðlar

Alþjóða- og staðlanefnd skal fylgjast með framþróun alþjóðlegra staðla á sviði innri endurskoðunar og miðla upplýsingum um þá og fyrirhugaðar breytingar til félagsmanna. Nefndin skal jafnframt fjalla um þýðingar á stöðlum og tengdu efni eftir því sem ástæða þykir til.

## 4 Samskipti við stjórn

Eðli samskipta við erlenda aðila er tvíþætt. Annarsvegar er um að ræða skipulagða skýrslugjöf, en hinsvegar mikið af samskiptum sem ekki fylgja fyrirfram útgefinni tímaáætlun. Alþjóða- og staðlanefnd skal halda við áætlun um skýrsluskil til IIA og fylgja eftir að þeim skýrslum sé skilað í tíma. Ábyrgð skýrsluskila er þó á herðum stjórnar.

Eðlilegt er að alþjóða- og staðlanefnd taki saman aðgerðaáætlun varðandi eflingu samskipta við systurfélög og svæðisfélög (einkum Evrópusamtök innri endurskoðenda, ECIIA) og kynni fyrir stjórn.

Alþjóða- og staðlanefnd skal leggja fyrir stjórn tillögur um þýðingar á stöðlum og tengdu efni. Tillögurnar skulu meðal annars innihalda forgangsröðun þýðinga og áætlun um framkvæmd þeirra eftir því sem við á.


Alþjóða- og staðlanefnd skal senda stjórn afrit af fundargerðum nefndarinnar og skulu fundargerðir berast stjórn innan 10 daga frá viðkomandi nefndarfundi.

## 5 Endurskoðun erindisbréfs

Erindisbréf þetta kemur árlega til endurskoðunar. Þá skal á grundvelli fenginnar reynslu kveða skýrar á um atriði sem óljós þykja eða taka til endurskoðunar verkswið og verkefni alþjóða- og staðlanefndar.

3. nóvember 2014

F.h. stjórnar Félags um innri endurskoðun



Agúst Hrafnkélsson,  
stjórnarformaður